



Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

Borhola í Ólafsfirði


Kvarði 1:50.000 í A3

Teiknað: LF


Dags. 28.06.2024



Gildandi Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, staðfest 20.05.2022, m.s.br.



Breytt skipulag



Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörk
- Afbreytingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Athafnasvæði (A)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Flugvellir (F)
- Fristundabyggð (F)
- Hafnir (H)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Íónaðarsvæði
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Miðsvæði (M)
- Opin svæði (OP)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Strandsvæði (ST)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Vötn, ár og sjór
- Snjóflóðahættumat
- Hættusvæði C
- Hættusvæði B
- Hættusvæði A
- Duppferð gögn eftir uppsetningu garða og varnarvirka
- Stofnvegur
- Göng
- Tengivegur
- Aðrir vegir
- Gönguleið
- Reiðleið
- Rafmagn (núverandi)
- Ljósleiðari (núverandi)
- Hitaveita (núverandi)
- Vatnsveita (núverandi)
- Fornleifar (MV)
- Hverfisvernd (HV)
- Vatnsvernd, strandsvæða (VS)
- Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)
- Vatnsvernd, grannsvæði (VG)
- Brunnsvæði
- Náttúruvá (NV)

Greinargerð

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur ákveðið að heimila borun nýrrar vinnsluholu á Ósbrekkusvæðinu sunnan Ólafsfjarðar vegna niðurdráttar í núverandi vinnsluholum. Með nýrri vinnsluholu ætti hitaveitubörf þéttbýlisins að vera fullnægt.

Breyting

Núverandi holar eru merktar sem punktur á skipulagsuppdrætti (merkt 138 I). Ný hola er norðaustan við núverandi holar og er merkt með nýjum punkti sem fær númerið 169 I.

Eftirfarandi breyting er gerð á greinargerð aðalskipulags:

Nýr landnotkunarreitur:

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
169 I		Ósbrekka, Ólafsfjörður	Heitavatnsborholur. Tvö svæði.	Heimilt er að útbúa borplan og koma upp viðeigandi búnaði fyrir vinnsluholu sem og skýli.

Umhverfismatsskýrsla

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér gerð borplans og aðkomuvegar, borholu og vinnslu heits vatns úr holunni. Á meðan á borun stendur er þörf á vatni til kælingar á búnaði og þarf að losa svarf og skítugt vatn sem kemur upp úr holunni.

Staðsetning borholu hefur verið ákvörðuð út frá fyrirliggjandi rannsóknum.

Vatn til borunnar verður tekið úr læk ofan úr fjalli um 250 m frá plani og um 50 m ofar í hæð þar sem lækurinn verður stíflaður. Ef ekki fæst nægilegt vatn úr læknum verður tekið vatn úr aðliggjandi tjörn að auki.

Svarfur og borvökví mun fara í pró þar sem fastefni fellur til. Yfirfall á vatni mun fara um oliugildru áður en því verðu sleppt út í skurð. Losunarstaður borsvarfs verður um 200 m frá borstað (Sigurður G. Kristinsson, 2024).

Áhrif áætlunar á umhverfið er metið með eftirfarandi hætti:

- Vatn sem til fellur við framkvæmdina verður hreinsað áður en því verður skilað í næsta viðtaka og eru áhrifin tímabundin.
- Borplan og hola munu hafa minniháttar áhrif á ásýnd umhverfis.
- Með auknu heitu vatni er verið að bæta lífsgæði íbúa í sveitarfélaginu.

Á heildina litið eru áhrif af völdum fyrirhugaðra framkvæmda ekki talin hafa veruleg áhrif á umhverfi sitt.

Heimildir:


Sigurður G. Kristinsson. (2024). Verk- og tilboðslýsing á borun vinnsluholu ÓB-19 fyrir heitt vatn í Ólafsfirði. ÍSOR.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af Bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 2/9. 2024.

Sigurður Ingværð

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann ____ 2024.



Ólafur Gunnarsson